

Skipulag:

<i>Fundarboðandi:</i>	Berglind Helga Bergsdóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Teams
<i>Fundarstjóri:</i>	Þóra J. Jónasdóttir	<i>Dagsetning:</i>	01. apríl 2026
<i>Fundarritari:</i>	Þóra J. Jónasdóttir	<i>Fundartími:</i>	10.00-11.00
<i>Fjarverandi:</i>	Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunstöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum)		
<i>Þátttakendur:</i>	Þóra J. Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Ásthildur Erlingsdóttir (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun) og Berglind Helga Bergsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson og Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir (sérgreinaðýralæknar fisksjúkdóma og faraldsfræði hjá Matvælastofnun)		

Dagskrá:

- Áætlun Matvælastofnunar um sýnatökur og eftirfylgni með eldisstöð á Reykjanesi eftir greiningu á Sæeyrnavegisun á stöðinni síðastliðinn nóvember.
- Uppfærðar áætlanir Matvælastofnunar um ráðstafanir vegna nýrnaveiki (BKD) í sjókvíældi, uppfærðar sýnatökuleiðbeiningar og nýjar leiðbeiningar um flutning á búnaði - Kynning.

Umræða:

- Áætlun Matvælastofnunar um sýnatökur og eftirfylgni með eldisstöð á Reykjanesi eftir greiningu á sæeyrnavegisun á stöðinni síðastliðinn nóvember.**

Tilfelli af Sæeyrnavegisun kom upp í eldisstöð á Reykjanesi í nóvember 2025. Sæeyrnavegisun er bakteríusjúkdómur í meltingafærum sæeyrna. Smitsjúkdómurinn er tilkynningaskyldur til Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (WOAH) og hefur tilkynning verið send. Sjúkdómurinn kom síðast upp á stöðinni ári 2005. Ekki er útilokað að það hafi legið dulið smit síðan þá.

Matvælastofnun fór yfir helstu smiteinkenni, greiningaraðferðir og mismunandi næmni fyrir sjúkdómnum þeirra tegunda af sæeyrum sem eru í stöðinni. Öll smituð klakdýr voru aflífuð og fargað. Í kjölfarið var farið í þrif, sótthreinsun og bætt inn frekari smitvörnum. Matvælastofnun kynnti niðurstöðu eftirlits með stöðinni og áætlun um áframhaldandi sýnatökur og eftirfylgni ásamt hvaða rannsóknir á sýnum væru í ferli.

- Uppfærðar áætlanir Matvælastofnunar um ráðstafanir vegna nýrnaveiki (BKD) í sjókvíældi, uppfærðar sýnatökuleiðbeiningar og nýjar leiðbeiningar um flutning á búnaði - Kynning.**

Ekki var tími fyrir kynningu Matvælastofnunar á uppfærðum áætlunum um ráðstafanir vegna nýrnaveiki í sjókvíældi, uppfærðum sýnatökuleiðbeiningum og leiðbeiningum um flutning á búnaði. Berglind sendir tölvupóst þar sem hún dregur fram helstu breytingar frá fyrri áætlunum og leiðbeiningum.

Niðurstaða:

- Greining á sæeyrnavegisun**

Fisksjúkdómanefnd þakkar fyrir kynningu Matvælastofnunar á sýnatökuáætlun og fyrirhugaða eftirfylgni á eldisstöðinni og gerir ekki athugasemdir við þau drög að núverandi áætlun sem var kynnt. Matvælastofnun mun boða til nýs fundar þegar niðurstöður úr þeim sýnatökum sem eru gangi liggja fyrir.

- Nýrnaveiki (BKD)**

Meðlimir Fisksjúkdómanefndar munu lesa yfir og senda til Matvælastofnunar sem fyrst hvort þeir hafi athugasemdir við uppfærðar áætlanir Matvælastofnunar um ráðstafanir, sýnatökuleiðbeiningar og leiðbeiningar um flutning á búnaði sem Matvælastofnun hefur kynnt nefndinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 11.05